

## Úrskurðir óbyggðanefndar í þjóðlendumálum á grundvelli

### 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998

Óbyggðanefnd kvað 17. október 2024 upp úrskurði í þjóðlendumálum á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga. Ákvæðið heimilar óbyggðanefnd að „taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra“ og markmiðið er að unnt verði að ná þeim tilgangi þjóðlendulaga að greiða úr óvissu um eignarrétt á landi.

Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkisins, um þjóðlendir í málunum tóku alls til 14 skilgreindra svæða og fjallað var um þær í fimm málum, nr. 1–5/2023. Um er að ræða svæði sem höfðu ekki áður verið undirorpin þjóðlendukröfu en eru aðliggjandi þjóðlendum í sveitarfélögunum Fljótshreppi, Langanesbyggð, Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Skagafirði, Skagabyggð, Húnabyggð, Borgarbyggð og Árneshreppi. Á móti bárust 30 kröfulýsingar landeigenda og hagsmunaaðila. Niðurstaða óbyggðanefndar var að sex þeirra svæða sem íslenska ríkið gerði kröfu til væru þjóðlendir en öðrum kröfum ríkisins var hafnað. Þau svæði sem eru þjóðlendir samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar í málum nr. 1–5/2023 eru:

- Nyrsti hluti Grímólfsártungu í Langanesbyggð
- Nyrstu hlutar Vaskárdals og Almennings í Hörgársveit
- Landsvæði við norðurmörk Hraunanna í Skagafirði
- Landsvæði við norðurmörk Eyvindarstaðaheiðar í Húnabyggð
- Hluti Kornsártungna í Húnabyggð
- Landsvæði við norðurmörk Auðkúluheiðar í Húnabyggð

Niðurstöður nefndarinnar í einstökum málum eru sem hér segir:

#### *Mál nr. 1/2023, Austurland og Norðausturland*

- Fallist er á hluta krafna íslenska ríkisins, þ.e. að nyrsti hluti Grímólfsártungu í Langanesbyggð sé þjóðlenda.
- Að öðru leyti er kröfum íslenska ríkisins um að svæðinu séu þjóðlendir hafnað. Þær kröfur tóku til svæðis við vesturmörk Valþjófsstaðar og Skriðuklausturs í Fljótshreppi og Kverkártungu í Langanesbyggð.

#### *Mál nr. 2/2023, Norðurland*

- Fallist er á hluta krafna íslenska ríkisins, þ.e. að eftirfarandi svæði séu þjóðlendir:
  - Nyrstu hlutar Vaskárdals og Almennings í Hörgársveit
  - Landsvæði við norðurmörk Hraunanna í Skagafirði
  - Landsvæði við norðurmörk Eyvindarstaðaheiðar í Húnabyggð
  - Hluti Kornsártungna í Húnabyggð
- Að öðru leyti er kröfum íslenska ríkisins um að á svæðinu séu þjóðlendir hafnað. Þær kröfur tóku til svæðis við norðurmörk afréttar Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár í Eyjafjarðarsveit, hluta Bakkasels í Hörgársveit og svæða við norður- og vesturmörk Skrapatunguafréttar í Skagabyggð.

*Mál nr. 3/2023, Vesturland*

- Komist er að þeirri niðurstöðu að kröfusvæði íslenska ríkisins við austurmörk Hítardals í Borgarbyggð sé innan marka þjóðlendu samkvæmt eldri úrskurði óbyggðanefndar 11. október 2016 í máli nr. 1/2014 og dómi Landsréttar 4. nóvember 2022 í máli nr. 515/2021.
- Hafnað er kröfu íslenska ríkisins um að svæði við norðausturmörk Svarfhóls í Borgarbyggð sé þjóðlenda.

*Mál nr. 4/2023, Strandir*

- Hafnað er kröfu íslenska ríkisins um að á svæðinu sé þjóðlenda. Krafa ríkisins tók til svæðis austan og sunnan Drangajökuls í Árneshreppi.

*Mál nr. 5/2023, Norðurmörk Auðkúluheiðar*

- Fallist er á kröfu íslenska ríkisins um að svæði við norðurmörk Auðkúluheiðar í Húnabyggð sé þjóðlenda. Einnig er fallist á tiltekin eignarréttindi Landsvirkjunar innan þjóðlendu á svæðinu.